

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 519 14. desember 1979 um skipan
gjaldeyris- og viðskiptamála.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Útflutningur á vörum er háður leyfi viðskiptaráðuneytisins. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessari reglu. Ennfremur getur ráðuneytið sett það skilyrði, að heimild þess þurfi til að bjóða tilteknar vörur til sölu á erlendum markaði. Ekki þarf leyfi til að senda úr landi sýnishorn, sem ætluð eru til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að verðmæti inna við 4 000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt við setningu þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 26. júlí 1983.

Matthías Á. Mathiesen.

Þórhallur Ásgeirsson.